



Sytem Klarlack Blank

Vörunr. 2610

Lýsing

Sytem Klarlack Blank (2610) er glært og hágljáandi alkýðlakk sem er létt í vinnslu og flýtur vel. Lakkið myndar harða og sterka filmu sem auðvelt er að þrifa, ásamt því að þola vel vatn og fitu.

Notkun

Sytem Klarlack Blank (2610) er ætlað til notkunar á tré og málma innan- og utanhúss. Lakkið hentar bæði til ný- og endurmálunar, t.d. á húsgögn, hurðir, glugga, vegg- og loftaþiljur. Það hentar vel til að lakka yfir málaða fleti þar sem óskað er eftir hágljáandi áferð.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Glært	Purrefni: 45 % (rúmmál)
Gljástig: Hágljáandi - 90	Þynnir: Terpentína
Pakkningar: 1 og 4 lítra	Áhaldahreinsir: Terpentína
Efnisnotkun: 10 m ² /l	Þurrktími: 6 klst við 23 °C og 50 % raka
Eðlisþyngd: 0,9 kg/l	Yfirmálun: Lágmark: 16 klst

Undirmálun

Ekki þarf að grunna sérstaklega undir lakkið.

Áhöld

Pensill eða sprauta. Hreinsið áhöld með terpentínu eða Penslasápu strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýlökkun

Viður: Fjarlægð ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með **Sytem Klarlack Blank** þynntu 10 % með terpentínu. Slípið yfir með sandpappír og lakkið 1-2 umferðir í viðbót með óþynntu lakki.

Járn og stál: Hreinsið burt ryð, fitu og önnur óhreinindi og lakkið 2-3 umferðir með **Klarlack Blank**.

Endurlökkun


Þvoið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Mattslípið gljáandi fleti með fínum sandpappír. Að lokum eru lakkaðar 1-2 umferðir með **Klarlack Blank**.

Athugasemdir

- Hætta er á að einhver gulnun sjáist þegar lakkað er yfir mjög ljósa liti.
- Hrærið lakkið vel fyrir notkun.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.